

## Starfsreglur fagráðs menningar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra

### 1. Skipun og hlutverk

Fagráð menningar er kjörið á ársþingi SSNV til tveggja ára í senn, sbr. 7. gr. samnings um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019.

Hlutverk fagráðs menningar er eftirfarandi:

1. Fagráðið leggur faglegt mat á þær umsóknir sem úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra vísar til þess.
2. Fagráðið gerir tillögur um styrkveitingar til úthlutunarnefndarinnar, sbr. 1. gr. starfsreglna nefndarinnar.
3. Fagráðið skal gæta þess að úthlutanir séu innan þess fjárhagsramma sem stjórn SSNV hefur samþykkt.
4. Fagráðið getur gert tillögur til breytinga á verklags- og úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðsins til úthlutunarnefndar sjóðsins.

Um hæfi fulltrúa í fagráði við tillögur um úthlutun styrkja fer eftir 7. grein samnings um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019.

Fagráðið nýtur aðstoðar starfsmanna SSNV til að sinna hlutverki sínu, sbr. verklags- og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs.

### 2. Stjórnskipan

Ársþing SSNV kýs formann og fjóra fulltrúa til setu í fagráði menningar.

### 3. Endurskipun

Fulltrúar í fagráði menningar hafa ekki varamenn og skal stjórn SSNV skipa nýjan aðalmann forfallist fulltrúi eða geti ekki sinnt starfi sínu.

### 4. Fundir

Formaður boðar fundi fagráðsins. Fundir fagráðsins eru lögmætir ef meirihluti þess, að formanni meðtöldum, sækir fund. Einfaldur meirihluti fulltrúa í fagráði ræður niðurstöðu mála.

Fundargerð fagráðs menningar skal vera rafræn. Fundargerð skal send úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðsins til kynningar.

### 5. Trúnaður

Fulltrúar í fagráði eru bundnir þagmælsku og trúnaði um umsóknir og verkefni og önnur þau atriði er leynt skulu fara. Þagnarskylda helst þótt hætt sé þátttöku í fagráðinu.

### 6. Endurskoðun starfsreglnanna

Starfsreglur þessar eru endurskoðaðar á ársþingi eftir því sem þurfa þykir. Skal nefndin beina því til stjórnar ef hún telur ástæðu til að taka reglurnar til endurskoðunar.